



Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
3. júní 2009

ÚTBOÐ RÍKISBRÉFA – NÝR FLOKKUR RIKB 25 0612

Þriðjudaginn **9. júní, kl. 14:00**, fer fram útboð á óverðtryggðum ríkisbréfum með tilboðsfyrirkomulagi hjá Seðlabanka Íslands.

Um er að ræða nýjan flokk ríkisbréfa, **RIKB 25 0612**, sem ber árlega vexti, 12 júní ár hvert. Lokagjalddagi bréfsins er 12. júní 2025. Ákvörðun um árlega nafnvexti ákvarðast í kjölfar útboðs.

Einungis aðalmiðlurum ríkisskuldabréfa er heimilt að gera tilboð í útboðinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Rétt er að benda á að hér er ekki um verðuppboð að ræða eins og verið hefur í fyrri útboðum heldur skal senda inn tilboð í formi ávöxtunarkröfu með tveimur aukastöfum.

Útboðið verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sömu ávöxtunarkröfu. Hæsta samþykktu krafan ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útboðsskilmála sem fylgja þessari frétt.

Greiðslu- og uppgjörsgdagur er föstudagurinn 12. júní 2009.

Í þessu útboði óskar Seðlabankinn eftir kautilboðum í eftirfarandi flokk ríkisverðbréfa:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi	Útistandandi fjárhæð*	Lánstími
RIKB 25 0612	IS0000019321	12.06.2025	0 kr.	16 ár

*Að nafnvirði

Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir mun Seðlabankinn f.h. ríkissjóðs bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 fimmtudaginn 11. júní. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. *Greiðslu- og uppgjörsgdagur fyrir þessi viðskipti er 12. júní 2009.*

Niðurstaða útboðs verður birt í lok viðskiptadags.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson, lánamál ríkisins á alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands, í síma 569 9633.

Með kveðju,